

Aðalfundur Kennarafélags FSu

haldinn í Odda föstud. 10. okt. 2008

Mættir 33

1. Helgi Hermannsson setti fund. Kristjana Hrund Bárðardóttir kosin fundarstjóri og Gísli Skúlason fundarritari.
2. Helgi Hermannsson formaður fluttu skýrslu stjórnar. Orkan síðasta ár fór mest í umræðu um ný framhaldsskólalög og kjarasamninga. Haldnir voru 3 almennir fundir auk nokkurra stjórnarfunda. Einnig stóð fagráð fyrir faglegum fræðslufundum á vormánuðum. Fulltrúar félagsins sóttu þing og ráðstefnur á vegum KÍ og FF. Helgi hefur einnig unnið nýja vefsíðu félagsins. Þar mun fagráð sjá um svæði um kennslufræði. Skýrsla samþykkt.
3. Aðalheiður Jónasdóttir kynnti reikninga félagsins. Þrjár færslur á árinu! Samþykkt samhljóða.
4. Kosning til embætta:
Samstarfsnefnd óbreytt: Hörður Ásgeirsson, Sigurður Grímsson, Þórey Hilmarsdóttir, Vera Valgarðsdóttir, Gísli Skúlason.
Skoðunarmenn áfram Álfhildur Eiríksdóttir og Ægir Sigurðsson
Stjórn óbreytt: Helgi Hermannsson, Aðalheiður Jónasdóttir, Gísli Skúlason, Hörður Ásgeirsson
Varamenn: Þórey Hilmarsdóttir, Ægir Pétur Ellertsson
Fagráð: Ester Ýr, Helga Jóhannesdóttir, Jón Özur
Trúnaðarmenn: Þórey Hilmarsdóttir, Hörður Ásgeirsson, Ólafur Bjarnason til vara.
5. Helgi ræddi starfsáætlun næsta árs: Fulltrúafundur 7. nóvember, vinna að breytingum innan skóla í ljósi nýrra laga, aukið samstarf fjórskólanna (gegnum angel t.d.), kjarasamningar renna út 31. mars ánæsta ári, áframhaldandi þróun vefsíðu, samkeppni um mynd á vefsíðu. Vera stakk upp á að við kynnum okkur skólann í Borgarnesi (sjá Brák í leiðinni).
6. Helgi ræddi framtíðina í ljósi nýrra laga um framhaldsskóla, sbr. kynningarfundur á vegum ráðuneytisins nýverið. Kjörorðið er: hagsmunir nemenda að leiðarljósi. Einn námsár verður 60 einingar og stúdentsprófið 180 einingar. Ein framhaldsskólaeining jafngildir 3 vinnudögum nemenda, 6-8 klst. á dag (margfeldi 1,7 miðað við gömlu ein.)
Grunnviðmið: þekking - færni - hæfni, hvert með 3 þrep.
7. Önnur mál.
Þórey minnti á að sækja um í vísindasjóðinn fyrir 30. nóv.
Hörður minnti á nýgerðan kjarasamning við FSu.

Fundi slitið kl. 15:58

Gísli Skúlason fundarritari.